

Kæra foreldri/forráðamaður.

Skólinn notar kannanakerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja foreldra í skólanum um **gæði skólans, samskipti við skólann, virkni í skólastarfi og námið heima fyrir.**

Könnunin er lögð fyrir foreldra barna á öllum aldursstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldra líkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í minni skólum eru allir foreldrar skólans í úrtakinu. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans er sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinnu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutunum.

Niðurstöður á yngsta, mið- og ungingastigi eru birtar með samanburði við landsmeðaltal í byrjun mars svo lengi sem 80% svarhlutfalli hafi verið náð. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsfólki Skólapúlsins í tölfraðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu.

Kannanakerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Þetta bréf er sent til að upplýsa þig um fyrirhugaða gagnasöfnun skólans. Ef þú er mótfallin því að eiga möguleika á að lenda í úrtakinu, hafðu þá samband við skrifstofu skólans eða ritaðu nafn þitt hér fyrir neðan og skilaðu á skrifstofu skólans.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatskerfið eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins, í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is)

Viljur þú ekki taka þátt getur þú látið vita af því í netþósti á [grsud@isafjordur.is](mailto:grsud@isafjordur.is) eða með því að prenta út og senda með nemanda miðann hér undir.

---

Ég vil ekki eiga möguleika á að lenda í úrtaki könnunarinnar.

Skóli: \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldris/forráðmanns: \_\_\_\_\_